



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Fréttatilkynning

7. mars 2017

UNDIRRITUN SAMNINGA Í TENGLUM VIÐ ÚTGÁFU RÍKISVERÐBRÉFA OG VIÐSKIPTAVAKT Á EFTIRMARKAÐI

Fjármálaráðherra felur Lánamálum ríkisins hjá Seðlabanka Íslands að gera samninga í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði.

Aðilar að kauphöll á Íslandi, sem hafa starfsleyfi í samræmi við 1-2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, hafa eigið fé að lágmarki 10 milljónir evra (EUR) og hafa nauðsynlegan búnað til þess að taka þátt í útboðum ríkisverðbréfa, geta óskað eftir því að gerast aðilar að samningunum.

Aðalmiðlarar hafa einir heimild til þess að leggja fram tilboð í útboðum þar sem markflokkar ríkisverðbréfa eru boðin til kaups eða sölu. Einnig fá þeir aðgang að verðbréfalánnum ríkisverðbréfa í samræmi við reglur og skilmála.

Aðalmiðlarar annast viðskiptavakt á markflokkum ríkisverðbréfa í kauphöll. Aðalmiðlurum er skylt að setja fram kaup- og sölutilboð að lágmarki 100 m.kr. í hvern markflokk ríkisbréfa með hliðsjón af hámarksmun sem tilgreindur er í samningunum.

Frekari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi sýnishorni af samningi í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Kauphallaraðilar sem hyggjast gerast aðalmiðlarar með ríkisverðbréf eru beðnir að mæta til undirritunar samninga **klukkan 15:45 föstudaginn 10. mars 2017** í húsnæðinum Seðlabanka Íslands að Kalkofnsvegi 1.

Frekari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður hjá Lánamálum ríkisins í síma 569 9600.